

Eftirsóttasta og síst eftirsóttá málverkið samkvæmt skoðanakönnun á Íslandi:

Myndlistarsmekkurinn svipaður og í Kenía

– rætt við Rússana Vitaly Komar og Alexander Melamid sem málað hafa verkin

„Við höfum látið gera rannsóknir af þessu tagi víða um heim. Niðurstöðurnar hafa almennt verið mjög svipaðar hjá hinum ólíkustu þjóðum. Svo skemmtilega vildi til að við fengum niðurstöður tveggja kannana sama daginn, frá Íslandi og Kenía, og þær voru mjög svipaðar, hvort sem þú trúir því eða ekki. Blái liturinn er uppáhaldslitur allra þjóða, fólk vill sjá landslagsmyndir með fólki og dýrum og smekkurinn er því mjög svipaður,“ sagði rússneski listmálarinn Alexander Melamid í samtali við DV en hann er ásamt starfsfélaga sínum og samlanda, Vitaly Komar, kominn til Íslands í tilefni sýningar sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á morgun. Þar verða afhjúpuð tvö málverk sem þeir hafa unnið samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar sem Hagvangur gerði fyrir ári síðan um viðhorf Íslendinga til myndlistarinnar. Þeir máluðu annars vegar „eftirsóttasta málverk þjóðarinnar“ og hins vegar „síst eftirsóttá“ málverkið. Sýningin nefnist Val fólksins og stendur til 18. febrúar.

Undanfarin tvö ár hafa Komar og Melamid staðið fyrir skoðanakönnunum af þessu tagi og haldið sýningar í kjölfarið. Upphafið var könnun í Bandaríkjunum og hafa Íslendingar getað séð þau verk á Mokka-kaffi undanfarna viku. Í kjölfarið kom skoðanakönnunin í Rússlandi og síðan hafa komið lönd eins og Þýskaland, Finnland, Danmörk, Frakkland, Tyrkland, Svíþjóð, Kenía, Skotland og Úkraína, auk Íslands. Næst á dagskrá eru kannanir í Indlandi og Kína og síðan koma þær koll af kelli næstu tvö ár eða þar til þeir félagar hafa safnað að sér nægum efniviði til að mála „eftirsóttasta málverk í heimi“.

Hannes Sigurðsson listfræðingur á veg og vanda af komu Komars og Melamids til Íslands og gerð könnunarinnar. Hann sagði í samtali við DV að þetta væri einstakur viðburður hér á landi sem ætti eftir að vekja athygli. Komar og Melamid hafa aldrei komið til Íslands og Hannes útvegaði þeim allt það efni sem hann komst yfir um íslenska myndlist.

Uppáhaldsliturinn er blár

Sé litið á helstu niðurstöður



Alexander Melamid, til vinstri, og Vitaly Komar með Hannes Sigurðsson listfræðing á milli sín en hann stóð fyrir komu þeirra til Íslands. Bak við þá er „eftirsóttasta málverk þjóðarinnar“ hullið segidúk þar sem myndatökur af verkinu verða bannaðar á meðan á sýningu stendur á Kjarvalsstöðum. DV-mynd GS

könnunarinnar kemur ýmislegt fróðlegt í ljós. Könnunin náði til 1 þúsund Íslendinga á aldrinum 18-67 ára sem spurðir voru 49 valspurninga. Uppáhaldslitur 31% Íslendinga er blár, ef marka má könnunina, 20% nefndu grænan og 14% rauðan. Myndir af útíttvangi njóta mun meira fylgis en lýsingar á inníttvangi, eða 80% á móti 4%. Um 53% landsmanna kjósa raunsæismynd sem líkist ljósmynd frekar en óhlutbundinn tjáningarstíl og 59% fannst ákjósanlegt að ýkja raunveruleikann. Langflestir álita að myndlist þurfi ekki endilega að miðla einhverjum boðskap, eða 69% úrtaksins. Aðeins 6% vildu hafa nakka manneskju fyrir augum á málverki.



Mestur áhugi var á að hafa fjöll, hraun eða óbyggðir á málverkum. Langflestir vildu hafa stærð málverka á við þvottavél eða 19 tommu sjónvarp að flatarmáli.

Fimmtungur landsmanna fer aldrei á listasöfn

Flestir eru reiðubúnir til að greiða 30-60 þúsund krónur fyrir málverk og 84% þátttakenda sögðust vera með listaverk á heimilinu. Samkvæmt könnuninni fer fimmtungur landsmanna aldrei á listasöfn en 39% oftan er tvisvar á ári.

Þegar spurt var um viðhorf til listar nokkurra þekktara innlendra og erlendra málara kom margt fróðlegt upp á yfirborðið. Um 74% úrtaksins þekktu ekkert til Þórarins B. Þorlákssonar, 57% þekktu ekki list Svavars Guðnasonar og 52% þekktu ekki Louisu Matthíasdóttur. Erró og Kjarval þekktu greinilega flestir en viðhorfið var öllu jákvæð-

ara í garð Kjarvals.

Vitaly Komar sagði við DV að flestar kannanir hafi leitt í ljós að fólk væri ekki að velja sér upp úr fortíðinni eða nútíðinni heldur framtíðinni, draumar fólks væru flestir þeir sömu. „Þrátt fyrir mismunandi menningarheima er paradísinn nánast sú sama.“

Flestir vilja hálfklætt eða nakið fólk

Aðspurðir um einhver séreinkenni niðurstaðna úr íslensku könnuninni sögðu þeir lítið af slíku. Þó mætti sjá mismun þar sem flestir Íslendingar vildu hafa fólk á málverkum hálfklætt eða nakið á meðan aðrar þjóðir vildu fólkið í fullum skrúða.

„Ef síst eftirsóttu myndirnar eru skoðaðar þá kemur mestur mismunur fram milli þjóða. Stærð verkanna er öðruvísi, litur þeirra og uppbygging. Eftirsóttustu málverkin eru yfirleitt stærri en því er þó öfugt farið í Frakklandi,“ sagði Komar.

Þar sem ekki má taka ljósmyndir af málverkunum á meðan sýningunni stendur voru þeir beðnir að lýsa þeim. Þeir sögðu eftirsóttustu myndina hafa landslag með íslenskum einkennum í bland við ímyndaðan veruleika. Síst eftirsóttá myndin sýndi skarpar línur og liti. Meira vildu þeir ekki segja, sjón væri sögu ríkari.

Í tengslum við sýninguna verður opinn fundur með Komar og Melamid á Kjarvalsstöðum kl. 17 í dag.

-bjb



Úr leikritinu Himnaríki.

Himnaríki tilnefnt til verðlauna

Leikritið Himnaríki – geðklofinn gamanleikur, eftir Árna Ibsen hefur verið tilnefnt fyrir Íslands hönd til Norrænu leikskálda-verðlaunanna 1996, sem verða



afhent í þriðja sinn á Norrænum leiklistardögum í Kaupmannahöfn í júní í sumar. Leikritið hefur verið til sýninga frá því í haust hjá leikhópnum Hermóði og Háðvöru í Hafnarfirði og fengið feiknagóðar viðtökur.

Í umsögn dómnefndar segir m.a.: „Himnaríki er skemmtilegt og kröftugt gamanleikrit, ögrandi í framsetningu og nýstárlegt að formi. Leikritið nær vel að fanga tilgangssleysi og firringu ungs fólks í velferðarsamfélagi nútímans. Leikritið lýsir vel því núturliga ástandi sem gjarnan fylgir þeirri kröfu að verða að „skemmta sér“, þ.e. af vilja fremur en mætti.

Leikhópurinn Hermóður og Háðvör er rétt ókominn til landsins af leiklistarhátíð í Bergen í Noregi en þar var honum boðið að sýna Himnaríkið. Einnig er til athugunar að þjóða-hópnum á alþjóðlegu leiklistarhátíðina í Bonn í júní á þessu ári.

Önnur verk eftir Árna Ibsen eru leikgerð af Oliver Twist (1981), Skaldabakan kemst þangað líka (1984), Afsakið hlé (1989), útvarpsleikritið Ský (1990), Fiskar á þurru landi (1993) og Elín Helena (1993).

Þjóðleikhúsið biðst afsökunar

Þjóðleikhúsið hefur sent frá sér eftirfarandi yfirlýsingu vegna frumsýningar annað kvöld á Leigjandanum á Smíðaverkstæðinu: „Þjóðleikhúsið frumsýnir nk. laugardag, 13. janúar, breska leikritið Leigjandanann (The Lodger) eftir Simon Burke í þýðingu Hallgríms H. Helgasonar. Svo óheppilega vill til að titill þessi, sem er þýðing á enska heiti verksins, er samhljóða titli á skáldsögu Svövu Jakobsdóttur, sem út kom hjá Helgafelli árið 1969 og vakti mikla athygli. Skáldsagan var endurútfærin árið 1979 og í þriðja sinn af Forlaginu árið 1994. Þjóðleikhúsið vill vekja athygli á að hér er um allt annað verk að ræða, mjög svo óskýlt að öllu efni og byggingu. Þjóðleikhúsið hvarmar að nafngift verksins kunnif til vill að geta valdið misskilningi og biður Svövu Jakobsdóttur afsökunar á því.“

Ljóðaleikir Bjargar Elínar

Björg Elín Finnsdóttur hefur sent frá sér ljóðabókina Ljóðaleikir. Þetta er fyrsta ljóðabókin en hún hefur áður gefið út bókina Í sólskinsskapi. Mörg ljóðanna í Ljóðaleikjum hafa birst í Lesbók Morgunblaðsins. Nokkur þeirra hafa einnig verið flutt af höfundu í Ríkisútvarpinu.

Í bókinni eru um 30 ljóð. Skákprennt sá um prentun og teikning í forsiðu er eftir Gunnar S. Magnússon myndlistarmann.

-bjb

Íslenski arkitektaskólinn:

Sumarnámskeiðin 1995 kynnt í bæklingi

Íslenski arkitektaskólinn hefur sent frá sér bækling þar sem afrakstur sumarnámskeiðsins 1995 er kynntur. Verkefni nemendanna eru kynnt auk frásagnar af starfsemi skólans.

Íslenski arkitektaskólinn hefur

staðið fyrir sumarnámskeiðum tvö síðastliðin ár. Um alþjóðleg námskeið hefur verið að ræða. Af 60 nemendum hafa 15 Íslendingar sótt námskeiðin. Má segja að þetta sé fyrsti vísir að kennslu í byggingarlist á Íslandi. Undirbúningur er haf-

inn að næsta sumarnámskeiði. Leiðbeinendur á sjöasta sumarnámskeiði komu víða að. Einn þeirra var frá Íslandi en það var dr. Maggi Jónsson, arkitekt og ráðgjafi við Háskóla Íslands og menningarverðlaunahafi DV 1995 í byggingarlist.

Mjög er vandað til gerðar bæklingssins sem er 42 síður, prentaður í lit. Verk hvers nemanda eru kynnt með ljósmyndum auk texta á íslensku og ensku. Ljósmyndir eru teknar af Ingimundi Magnússyni og Kristjáni Magnússyni.

-bjb